

**154. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fjarfundi,
19. maí 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri, Hrefna Rún Ákadóttir félagsmálastjóri og Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimaþjónustu.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fundur haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

Fyrir tekið:

1. 2105094 - Reglur Akraneskaupstaðar um stuðningsfjölskyldur

Drög að endurskoðuðum reglum um stuðningsfjölskyldur liggja fyrir.

Kristinn Hallur Sveinsson formaður sat ekki fundinn undir þessu máli.

Velferðar- og mannréttindaráð vísar drögum að reglum um stuðningsfjölskyldur til umsagnar hjá Notendaráði.

2. 2105093 - Reglur Akraneskaupstaðar um stuðnings- og stoðþjónustu

Drög að reglum um stuðnings- og stoðþjónustu liggja fyrir.

Kristinn Hallur Sveinsson formaður sat ekki fundinn undir þessu máli.

Velferðar- og mannréttindaráð vísar drögum að reglum um stuðnings- og stoðþjónustu til umsagnar hjá Öldungaráði og Notendaráði.

3. 2104259 - Reglur Akraneskaupstaðar um NPA

Drög að endurskoðuðum reglum Akraneskaupstaðar um NPA þjónustu liggja fyrir.

Velferðar- og mannréttindaráð vísar drögum að reglum um NPA til umsagnar hjá Notendaráði.

4. 2104242 - Framtíðar fyrirkomulag þjónustu við aldraða

Framtíðar fyrirkomulag í þjónustu við aldraða á Akranesi.

Málið tekið fyrir á fundi bæjarráðs þann 29.4.2021.

Bæjarráð vísaði málinu til velferðar- og mannréttindaráðs og óskar eftir að sett verði af stað vinna í tengslum við mögulegt fyrirkomulag þjónustu við aldraða á Akranesi þar sem horft verði til tækifæra á lengri búsetu í eigin húsnæði, samspil heimahjúkrunar og heimaþjónustu og sveigjanlegri dagdvöl fyrir eldra fólk

Velferðar- og mannréttindaráð felur sviðsstjóra að vinna minnisblað um stöðu málaflokksins innan sveitarfélagsins. M.a.kanna hvort og hvernig önnur sveitarfélög eru að móta framtíðarstefnu í málaflokknum.

Fundargerð samþykkt af öllum fundarmönnum með rafrænum hætti. KHS, AÞÞ, EB, SK og SH.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:15.